

---

## Skólphreinsivirki við Hótel Reynihlíð

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 3. ágúst 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Iceeignum ehf. um fyrirhugaðar viðbætur við skólphreinsivirki Hótel Reynihlíðar við Mývatn í Skútustaðahreppi, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 11.05 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skútustaðahrepps, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Skólphreinsivirki við Hótel Reynihlíð. Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu. Efla, 3.8.2017.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Skútustaðahreppi með tölvupósti dags. 29. ágúst og 8. september 2017.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 17. ágúst og tölvupósti dags. 21. september 2017.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 24. ágúst og tölvupósti dags. 12. september 2017.
- Umhverfisstofnun með bréfum dags. 8. og 17. október 2017.
- Vegagerðinni með tölvupóstum dags. 29. og 31. ágúst og 21. september 2017.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 18. september 2017.
- Náttúruvannsóknastöðinni við Mývatn með tölvupósti dags. 20. september 2017.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 30. og 31. ágúst, 7., 13., 18., 20. og 28. september og 2., 3., 4. og 18. október 2017.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að markmið framkvæmdarinnar sé að tryggja að hreinsun skólps frá Hótel Reynihlíð og aðliggjandi byggð verði í fullu samræmi við þær kröfur sem gilda um skólphreinsun á vatnasviði Mývatns og Laxár, sbr. reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Kröfurnar séu settar til verndar lífríki Mývatns og Laxár, og feli meðal annars í sér kröfu um hreinsun næringarefna úr skólþi.

##### Núverandi fráveita og ástand Mývatns

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Hótel Reynihlíð sé tengd fráveitu sem þjóni hótelineu og hluta af aðliggjandi byggð austan þess. Núverandi fráveita sé þannig gerð að safnlagnir safni skólþi frá húsunum til hreinsunar. Skólphreinsunin sé með svipuðum hætti og algengt er í dreifbýli hér á landi, þ.e. tveggja þrepa hreinsun, þar sem fráveituvatni sé veitt um rotþrær og svo í siturbeð. Núverandi skólphreinsun sé ófullnægjandi með hliðsjón af 24. grein reglugerðar um



verndun Mývatns og Laxár sem kveður á um að skólp af vatnasviði Mývatns skuli hreinsa með ítarlegri skólphreinsun en tveggja þrepa.

Í skýrslu samstarfshóps um Mývatn sem umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði árið 2016<sup>1</sup> kemur fram að ýmis áhyggjuefni séu uppi um ástand lífríkis Mývatns. Í allmörg ár hafi vatnið ekki náð að verða nógu tært í júlí og ágúst til að sæist til botns. Botngróður í meginhluta vatnsins hafi horfið að mestu á undanförunum árum. Vaxtarsvæði kúluskíts hafi rýrnað svo mjög að hann finnist varla lengur í vatninu og viðkomubrestur hafi verið hjá bleikju í vatninu frá árinu 2000 svo að hún megi teljast í útrýmingarhættu.

Jafnframt kemur fram í skýrslu samstarfshópsins að lífríki Mývatns sé flókið, síkvíkt og sveiflukennt sem geri erfitt að greina frumorsakir ofangreindra breytinga en þær bendi til næringarefnaauðgunar. Þá segir eftirfarandi í skýrslunni: „Þótt ekki teljist sannað að næringarefnaauðgun sé helsta orsök vandans er nauðsynlegt að draga úr losun slíkra efna í vatnið, eins og kveðið er á um í reglugerð um vernd Mývatns og Laxár frá 2012. Miðað við fyrirliggjandi þekkingu þarf að hreinsa bæði nitur og fosfór úr fráveituvatni til að minnka álag á Mývatn. Rétt er að líta til varúðarreglunnar í þessu samhengi, auk laga um verndun Mývatns og Laxár. Vara verður þó við væntingum um að hægt sé að snúa neikvæðri þróun lífríkisins á skömmum tíma.“ Í skýrslunni kemur enn fremur fram að árið 2000 sé áætlað að 52 tonn af fosfór hafi borist í Mývatn. Af þeim séu 0,2 tonn rakin til íbúa og 0,3 tonn til ferðaþjónustu. Langstærstur hluti fosfórsins er rakin til náttúrulegs innstreymis með lindum. Sama ár er áætlað að 279 tonn hafi borist í Mývatn af köfnunarefni. Langmestur hluti þess fyrir tilstuðlan niturbindandi blágerla og með lindum, en losun á köfnunarefni frá íbúum er áætluð 1,2 tonn og 1,8 tonn frá ferðaþjónustu.

### **Nýr hreinsibúnaður á fráveitu**

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að hann geri ráð fyrir að uppfylla öll skilyrði sem sett eru í reglugerðum, þar með talið að hreinsa fosfór og köfnunarefni. Um þær kröfur sem uppfylla þarf vísar framkvæmdaraðili til skilyrða í 1. töflu I. viðauka og fylgiskjals 4 í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 m.s.br.

Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er fyrirhugað að fyrsta þreps felling fari fram í fellipróm. Hugsanlega verði núverandi rotþrær nýttar áfram sem hluti af fyrsta þreps fellipróm. Eftir fyrsta þreps fellingunni verði skólpinu veitt um líffræðilega skólphreinsieiningu. Slíkur búnaður nýti snúningsskífur til að skapa búsvæði fyrir örverur sem sinni líffræðilegri hreinsun skólpsins. Reynsla sé af sambærilegum búnaði hér á landi. Líffræðilega skólphreinsieiningin verði útfærð þannig að hún stuðli að fullnægjandi lækkun á súrefnisþörf auk nítrunar (e. nitrification). Fyrir annars þreps fellingunni sé gert ráð fyrir að komið verði fyrir búnaði til að fella fosfór með hjálparefnum. Gert sé ráð fyrir að seyru úr annars þreps fellingunni verði dælt í söfnunarrými fyrsta þreps fellipróarinnar. Til að ljúka hreinsiferli köfnunarefnis þurfi að tryggja að svokölluð afnitrún (e. denitrification) eigi sér stað. Það sé gert með hringrás nítraðs skólps aftur í gegnum ferlið. Núverandi rotþrær, ásamt nýjum skólphreinsieiningum, verði hannaðar til að uppfylla skilyrði sem gerð séu til ítarlegri skólphreinsunar en tveggja þrepa í reglugerð um fráveitur og skólp. Affalli hinnar nýju skólphreinsieiningar verði veitt um sýnatökubrunn svo aðgengi að hreinsuðu skólpi verði gott svo sannreyna megi að hreinsunin uppfylli kröfur um hámarksstyrk mengunarefna í hreinsuðu skólpi. Gert sé ráð fyrir að hreinsuðu skólpi, sem hæft sé til losunar á vatnasviði Mývatns miðað við kröfur reglugerða um verndun Mývatns og Laxár og um fráveitur og skólp, verði veitt í jörð. Nýta megi núverandi siturbeð til þess. Seyru verði safnað og skilað til viðurkennds móttökuaðila.

<sup>1</sup> Skýrsla samstarfshóps um Mývatn: Ástand mála, orsakir vanda og mögulegar aðgerðir. Júní 2016.



Jafnframt kemur fram í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að hugað hafi verið að því að framkvæmdirnar hafi sem minnst neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Mannvirki verði niðurgrafin og sýnileg mannvirki á yfirborði verði löguð að umhverfinu með vandaðri landslagshönnun.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að fyrirhugaður búnaður muni anna 400 persónueiningum. Það sé um 20% umfram mat ráðgjafa á því álagi sem verði á kerfinu við áformaða stækkun framkvæmdaraðila á Hótel Reyhlið. Þá sé jafnframt gengið út frá því að önnur hús sem þegar séu tengd við núverandi rotþrær og siturlögn Hótel Reyhliðar verði tengd nýja kerfinu.

Varðandi nánara fyrirkomulag kemur fram í upphaflegri tilkynningu framkvæmdaraðila að gert sé ráð fyrir að koma nýrri hreinsieiningu fyrir ofan þjóðveggar á milli núverandi rotþróa og siturbeðs vatnsmegin þjóðveggar. Laga þurfi tengingar á milli rotþrónna og siturbeðsins þannig að allt fráveituvatn fari um nýju hreinsieininguna. Nýja skólphreinsieiningin verði að mestu niðurgrafin. Hlerar á þaki eininganna auk kassa fyrir stjórnþúnað verði sýnilegir, en hlerarnir muni standa hálfan metra upp fyrir yfirborð. Stjórnþúnaði megi koma fyrir í kassa sem standi um 1,5 m upp úr yfirborði og verði um 1,5 og 0,5 m á kant. Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila dags. 8. september 2017 er kynntur annar möguleiki á fyrirkomulagi fráveitunnar, þannig að nýja hreinsieiningin verði staðsett neðan þjóðveggar, nær núverandi siturbeði.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra er talið jákvætt að nýta núverandi mannvirki ef kostur er og draga þar með úr umfangi mannvirkja og notkun aðfanga á borð við sement og plast, að því tilskildu að skoðun leiði í ljós að mannvirkin séu í lagi.

Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar er settur fyrirvari um að nota eldri innviði til að útbúa nýtt skólphreinsivirki.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hann telji eðlilegt og skynsamlegt að nýta fyrirbyggjandi kerfishluta ef þeir séu heilir og skili sínu hlutverki. Það gefi engan afslátt af gæðum og áfram verði sömu kröfur um hreinsun og niðurstöður í sýnatökum. Ástand núverandi þróa verði kannað og þær mældar upp. Vel megi vera að niðurstaða þeirrar skoðunar verði að best sé að ráðast strax í endurnýjun þeirra, sérstaklega ef stærð þeirra sé ekki talin nægjanleg. Lokahönnun muni leiða í ljós hve stórar þærnar þurfi að vera en áður verði mælt rennsli um þær.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þótt gert sé ráð fyrir að verulegur hluti efna í skólpi verði hreinsaður með nýju skólphreinsivirki sé í framkvæmdinni fólgin aukning á starfsemi hótelsins þannig að skólpmagn aukist og muni sú aukning auka álag á vatnið að mati Umhverfisstofnunar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fjölgun persónueininga muni ekki auka álag á vatnið. Í dag berist skólpið í grunnvatnið eftir tveggja þrepa hreinsun í gegnum siturbeð. Slík hreinsun skili takmarkaðri hreinsun næringarefna. Eftir framkvæmdir við hreinsivirkið verði styrkur næringarefna lækkaður verulega. Hreinsibúnaður muni hreinsa köfnunarefni og fosfór eins og krafist er í reglugerð um fráveitur og skólp eða sem nemur a.m.k. 80% lækkun fosfórs og a.m.k. 70-80% af heildarstyrk köfnunarefnis. Framkvæmdin, þrátt fyrir aukningu persónueininga, muni því ekki auka álag á vatnið heldur verði dregið verulega úr þeim áhrifum sem losun hreinsaðs skólps úr fráveitu Hótel Reyhliðar geti haft á vatnsgæði Mývatns. Áhrif framkvæmdarinnar á vatnsgæði séu metin jákvæð í samanburði við núverandi ástand.

### **Tengdar framkvæmdir**

Fyrir liggur að framkvæmdaraðili hefur áform um að stækka Hótel Reyhlið með því að reisa tvær viðbyggingar sem fjölgi gistirúmum úr 82 í 41 herbergi í 125 í 59 herbergjum.



## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Vatn

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að gera megi ráð fyrir að möguleg mengun frá framkvæmdasvæðinu eigi greiða leið í Mývatn með grunnvatni. Mývatn sé á rauðum lista Umhverfisstofnunar (2017) yfir svæði sem eru „í verulegri hættu á að tapa verndargildi sínu eða hafa tapað því að hluta til“. Ýtrustu varúðar verði gætt á framkvæmdatíma til að draga úr hættu á að mengun berist af framkvæmdasvæðinu í grunnvatn.

Þá kemur fram í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að aukið innstreymi næringarefna af mannavöldum í Mývatn sé hugsanleg ástæða þess að ástandi vatnsins hafi hrakað á undanförunum árum. Fráveitur séu ein af uppsprettum næringarefna á vatnasviði Mývatns, en þær hafi fram að þessu ekki verið metnar stór uppspretta í samanburði við náttúrulegar uppsprettur á vatnasviðinu. Í dag sé skólpi frá Hótel Reyhlið og aðliggjandi byggð, sem tengd sé sameiginlegri fráveitu, veitt um rotþrær og siturbeð, en slíkur búnaður skili takmarkaðri hreinsun næringarefna. Með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa verði styrkur næringarefna lækkaður verulega. Vísað er til reglugerðar um fráveitur og skólþ sem kveði á um að ítarlegri skólþhreinsun en tveggja þrepa skuli ná fram 70-80% lækkun á styrk fosfórs og köfnunarefnis. Hægt verði að vakta árangur skólþhreinsunarinnar með mælingum og sannreyna að hún uppfylli skilyrði reglugerða og starfsleyfis. Dregið verði verulega úr þeim áhrifum sem losun skólþs úr fráveitu Hótel Reyhliðar geti haft á vatnsgæði Mývatns. Framkvæmdaraðili telur áhrif framkvæmdarinnar á vatnsgæði jákvæð í samanburði við núverandi ástand.

Umhverfisstofnun telur öruggara að finna hreinsistöðinni stað fjær bakka Mývatns í ljósi þess að vatnið er á rauðum lista yfir svæði sem eru í verulegri hættu á að tapa verndargildi sínu eða hafa tapað því að hluta til.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að ef staðsetja eigi stöðina fjær Mývatni yrði það ofar í landi og þá þyrfti að dæla skólpinu. Framkvæmdaraðili telur að tæknilega sé best að nota það sem fyrir er og komast hjá dælingu. Dæling sé áhættuþáttur, í straumleysi og við bilanir berist skólþ óhreinsað út úr kerfinu og í grunnvatn. Litlu máli skipti hvort losun eftir hreinsun sé 200 eða 300 m frá bakka þar sem grunnvatnsrennslið sé mjög mikið og gera verði ráð fyrir að nær allt efni skili sér út í vatnið.

### Verndarsvæði

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Mývatns- og Laxásvæðið njóti margvíslegrar verndar. Það sé svokallað Ramsarsvæði, en Ramsarsamningurinn fjallar um votlendi sem hefur alþjóðlegt verndargildi. Samkvæmt mati Umhverfisstofnunar (2017) á ástandi friðlýstra svæða sé Mývatns- og Laxásvæðið á *rauðum lista* stofnunarinnar yfir svæði sem eru „í verulegri hættu á að tapa verndargildi sínu eða hafa tapað því að hluta til“. Framkvæmdasvæðið sé innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár eins og það er skilgreint í lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár. Þar að auki sé framkvæmdasvæðið innan vatnasviðs Mývatns og Laxár. Vegna þessa þurfi að taka tillit til allra ákvæða sem fram koma í lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár og í reglugerð nr. 665/2012, sem og til aðgerða til verndar Mývatni og Laxá sem tilgreindar eru í Verndaráætlun Mývatns og Laxár.

Í seinni umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji aukið þjónustuframboð á svæðinu fallið til þess að auka umferð um svæðið og mögulega einnig álag. Umhverfisstofnun telur margt mæla með því að framkvæmdir á viðkvæmum svæðum þar sem óvissa ríki um heildarálag, eins og eigi við í tilvikum Mývatns, ættu að vera háðar mati á umhverfisáhrifum.



## Ásýnd

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhuguð staðsetning skólphreinsivirkisins sé við Þjóðveg 1 og við aðkomu að Hótel Reyhlið. Dregið verði úr neikvæðum áhrifum á ásýnd með því að hafa mannvirki niðurgrafin og með því að vanda landslagshönnun. Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða og nálægðar við önnur mannvirki telur framkvæmdaraðili áhrif framkvæmdanna á ásýnd óveruleg.

Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að sýna útlit skólphreinsistöðvarinnar áður en ráðist verði í framkvæmdir og að fleiri möguleikar á staðsetningu hennar verði skoðaðir.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að stefnt sé að því að hafa búnaðinn niðurgraffinn og hulinn jarðvegi frá öllum hliðum nema einni. Frágangi yrði háttað þannig að rafmagnskassi yrði neðanjarðar eða felldur inn í landslag. Sú lausn yrði útfærð í samráði við verkfræðinga.

## Lykt

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að erfitt sé að útiloka að lykt berist frá skólphreinsivirkjum. Svæðið sé opið fyrir vindum og ekki standi til að auka þar skjól. Komi til þess að lykt verði vandamál megi með einföldum hætti meðhöndla loft frá hreinsivirkinu í lítilli lífsúu við hlið hreinsivirkisins. Framkvæmdaraðili telur að lyktarmengun verði óveruleg í samanburði við núverandi ástand. Lyktarmengun á svæðinu muni ekki aukast vegna framkvæmdarinnar.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er fyrirhuguð á svæði þar sem í gildi er deiliskipulag Reykjahlíðar, samþykkt í desember 2014. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir hreinsistöð fráveitu og að hún sé staðsett neðan (vatnsmegin) Þjóðvegur, en að nákvæm staðsetning hennar verði ákveðin í samráði við heilbrigðisyfirvöld.

Framkvæmdaraðili hefur tilkynnt tvær mögulegar útfærslur á staðsetningu nýs hreinsivirkis, þ.e. annarsvegar ofan Þjóðvegur og hinsvegar neðan Þjóðvegur. Fyrirnefnda útfærslan kallar á breytingu á deiliskipulagi, en sú síðarnefnda er í samræmi við deiliskipulag svæðisins.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps samkvæmt 13.-15. gr. skipulagslaga og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnframt leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum og reglugerð um verndun Mývatns og Laxár. Þá þarf að afla leyfis Vegagerðarinnar vegna framkvæmda innan veghelgunarsvæðis Þjóðvegurinnar, sem er 30 m frá miðlínu vegarinnar.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða viðbætur við skólphreinsivirki Hótel Reyhliðar við Mývatn í Skútustaðahreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11.05 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Við ákvörðun um hvort framkvæmd sem er tilkynningarskyld skuli háð umhverfismati skal Skipulagsstofnun taka mið af viðmiðum sem tilgreind eru í 2. viðauka laga nr. 106/2000 og varða eðli framkvæmdar, staðsetningu framkvæmdar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar. Hér að neðan er gerð grein fyrir niðurstöðu stofnunarinnar um fyrirhugaðar viðbætur við skólphreinsivirki Hótel Reyhliðar við Mývatn í Skútustaðahreppi að teknu tilliti til framangreindra



viðmiða, byggt á framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, umsögnum umsagnaraðila og svörum framkvæmdaraðila.

### **Eðli framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati með tilliti til eðlis framkvæmdar skal meðal annars taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðaráhrifum með öðrum framkvæmdum, úrgangsmyndun og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdum við skólphreinsivirki Hótels Reynihlíðar er ætlað að bæta verulega hreinsun skólps frá þeirri byggð sem tengd er hreinsivirkinu. Gert er ráð fyrir að hreinsuð verði úr skólpinu a.m.k. 80% fosfórs og a.m.k. 70-80% af heildarstyrk köfnunarefnis. Þannig eru framkvæmdirnar líklegar til að hafa jákvæð áhrif á næringarefnabúskap vatnsins.

Áætlað er að árið 2000 hafi 52 tonn af fosfór borist í Mývatn og þar af eru aðeins 0,5 tonn rakin til íbúa og ferðapjónustu.<sup>2</sup> Sama ár er áætlað að 279 tonn af köfnunarefni hafi borist í Mývatn og þar af aðeins 4 tonn frá íbúum og ferðapjónustu.

Með hliðsjón af því að framkvæmdinni er ætlað að hafa í för með sér verulegar úrbætur hvað varðar fráveitu frá Hótel Reynihlíð og að heildarframlag íbúa og ferðapjónustu til losunar fosfórs og köfnunarefnis í Mývatn er áætlað vera aðeins lítil hluti þess fosfórs og köfnunarefnis sem berst í Mývatn telur Skipulagsstofnun ekki forsendur til að ætla að framkvæmdin sé líkleg til að hafa veruleg umhverfisáhrif með tilliti til eðlis og umfangs framkvæmdarinnar. Framkvæmdin er að mati Skipulagsstofnunar líkleg til að hafa jákvæð áhrif á innstreymi næringarefna í Mývatn, þótt þau áhrif verði að teljast óveruleg í ljósi umfangs annarra uppsprettna næringarefna í vatnið.

Varðandi samlegð með öðrum framkvæmdum þá liggur fyrir að bættu skólphreinsivirki er ætlað að geta annað stækkun Hótels Reynihlíðar um nálægt 50%. Skipulagsstofnun telur liggja fyrir að hvort sem kemur til stækkunar hótelsins eða ekki þarf að fara í þær framkvæmdir við úrbætur á fráveitu hótelsins sem hér eru kynntar. Stofnunin telur það því ekki falla undir þessa málsmeðferð og ákvörðun að fjalla um áhrif af stækkun hótelsins. Sama gildir um möguleg áhrif af auknum ferðamannastraumi í Mývatnssveit. Slík greining og áhrifamat þarf að fara fram við gerð skipulagsáætlana Skútustaðahrepps og verndar- og nýtingaráætlunar Umhverfisstofnunar fyrir verndarsvæði Mývatns og Laxár.

### **Staðsetning framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati með tilliti til staðsetningar framkvæmdar skal taka mið af því hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem vegna verndarákvæða eða álagsþols náttúrunnar, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Mývatn nýtur verndar samkvæmt lögum um verndun Mývatns og Laxár. Mývatnssvæðið er einnig Ramsarsvæði en í því felst að svæðið er votlendi með alþjóðlegt verndargildi. Fyrir liggur að samkvæmt mati Umhverfisstofnunar á ástandi friðlýstra svæða er Mývatns- og Laxárvæðið í flokki svæða sem eru í verulegri hættu á að tapa verndargildi sínu eða hafa tapað því að hluta til.

Í ljósi framangreinds hefur Umhverfisstofnun í umsögn sinni um málið vísað til meginreglna náttúruverndarlaga um mat á heildarálagi, vísindalegan grundvöll ákvarðana og beitingu varúðarreglunnar.

Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess að við allar ákvarðanir um mannvirkjagerð og framkvæmdir á þessu viðkvæma svæði sé gætt að og fylgt framangreindum meginreglum náttúruverndarlaga. Stofnunin telur hinsvegar ekkert hafa komið fram við meðferð þessa máls sem

<sup>2</sup> Skýrsla samstarfshóps um Mývatn: Ástand mála, orsakir vanda og mögulegar aðgerðir. Júní 2016.



geri að verkum að tilefni sé til að ætla að sú framkvæmd sem hér er til umfjöllunar sé líkleg til að hafa veruleg áhrif á verndargildi Mývatns. Framkvæmdin er fremur líkleg til að draga úr álagi næringarefna á vatnið, þótt vægi þess kunni að vera óverulegt í samhengi við heildar innstreymi næringarefna í vatnið. Þá telur stofnunin, eins og að framan er getið, það liggja utan við viðfangsefni þessarar málsmeðferðar og ákvörðunar að fjalla um áhrif af stækkun hótelsins og möguleg áhrif af auknum ferðamannastraumi í Mývatnssveit. Ástand lífríkis í Mývatni sem rekja má til ofgnóttar næringarefna, sem og annað álag á náttúru svæðisins, kann að leiða til þess að rétt sé að stýra frekar eða takmarka með einhverjum hætti starfsemi við Mývatn og umferð ferðamanna. Vettvangur fyrir slíka greiningu og áhrifamat er við gerð skipulagsáætlana Skútustaðahrepps og verndar- og nýtingaráætlunar Umhverfisstofnunar fyrir verndarsvæði Mývatns og Laxár.

Í ljósi þess að framkvæmdirnar eru fyrirhugaðar innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár telur Skipulagsstofnun að í leyfum til hreinsivirkisins þurfi sérstaklega að taka á atriðum sem varða framkvæmdatíma og tilhögun framkvæmda með tilliti til þess að þær raski ekki fuglalífi og náttúru svæðisins.

### **Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati með tilliti til eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar skal meðal annars taka mið af líkum á áhrifum, umfangi umhverfisáhrifa með tilliti til þess svæðis og fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum og samlegð ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram hafa komið við meðferð málsins, að ekki sé ástæða til að ætla að fyrirhugað hreinsivirki skili ekki tilskildum árangri. Engu að síður er mikilvægt að í starfsleyfi sé tryggt reglubundið og virkt eftirlit með virkni hreinsivirkisins og tilgreindar aðgerðir sem ráðast skal í, skili það ekki þeim árangri sem vænst er. Slík skilyrði geta til dæmis varðað hreinsun næringarefna og lyktarmengun frá hreinsivirkinu.

Hvað varðar áhrif á ásýnd svæðisins þá liggur fyrir að mannvirki verða að mestu neðanjarðar eða niðurgrafin. Jafnframt liggur fyrir að vanda skal til allrar landslagsmótunar og frágangs. Skipulagsstofnun telur af þessum sökum ekki tilefni til að ætla að framkvæmdin sé líkleg til að hafa veruleg áhrif á ásýnd, en undirstrikar mikilvægi vandaðrar hönnunar og frágangs og að því sé fylgt eftir í leyfisveitingum til framkvæmdanna.

Við málsmeðferð þessa máls hefur verið bent á mikilvægi þess að þau mannvirki sem hér eru til umfjöllunar fái fullnægjandi kynningu meðal hagsmunaaðila. Skipulagsstofnun tekur undir þessar ábendingar. Það er háð ákvörðun skipulagsyfirvalda og framkvæmdaraðila hvaða staðsetning hreinsivirkis verður fyrir valinu (sbr. 5. kafla að framan), en verði því valinn staður ofan vegar kallar það á breytingu á deiliskipulagi sem er háð kynningu fyrir hagsmunaaðilum. Jafnframt er tillaga að starfsleyfi fyrir fráveitunni háð kynningu fyrir almenningi. Skipulagsstofnun telur að þessi ferli eigi að veita fullnægjandi möguleika á aðkomu hagsmunaaðila að endanlegri útfærslu fráveitunnar og ákvörðunum um hana. Jafnframt hvetur Skipulagsstofnun þá leyfisveitendur sem koma að þessu máli til að hafa skilvirkt samráð sín í milli um efni og útgáfu leyfa.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að áformaðar viðbætur við skólphreinsivirki Hótels Reynihlíðar við Mývatn í Skútustaðahreppi, séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 21. desember 2017.



Reykjavík, 13. nóvember 2017

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson